

# Reglugjörð

15  
22. jan.

## um framkvæmd á störfum ríkisfjehirðis.

### 1. gr.

Samkvæmt tilskipun 8. sept. 1918, er sett á stofn sjerstök skrifstofa, er hefir á hendi störf þau, er landfógeta voru áður falin og síðar Landsbankanum, samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904.

Fjármáladeild stjórnarráðsins skipar yfirmann á skrifstofu þessa og nefnist hann ríkisfjehirðir. Laun hans ákveður ráðuneytið svo og tryggingu þá, er hann skal setja fyrir því fje, sem honum er trúað fyrir. Fjármáladeildin ræður hver aðstoð er veitt ríkisfjehirði til framkvæmda starfi hans og ákveður borgun fyrir þá aðstoð.

Fjárveiting til framkvæmda störfum ríkisfjehirðis skal tekin upp í fjárlög árlega.

### 2. gr.

Skrifstofa fjehirðis skal vera opin til afgreiðslu fyrir almenning frá kl. 10—2 árdegis og 4—5 síðdegis, hvern virkan dag. Fyrstu 3 dagana í hverjum mánuði skal skrifstofan auk þess vera opin kl. 5—6 síðdegis. Ef breytt verður um afgreiðslutíma fyrir almenning, skal það auglýst í Lögbirtingablaðinu.

### 3. gr.

Bókfærslu, reikningshaldi og reikningsskilum skal ríkisfjehirðir haga eftir fyrir lagi fjármáladeildar stjórnarráðsins. Í þeim efnum, sem ekki er um sjerstök fyrirmæli að ræða, skal farið eftir þeirri venju, sem hingað til hefir verið fylgt.

### 4. gr.

Öll áriðandi skjöl og bækur skulu jafnan geymd í eldtryggum læstum skáp, þegar starfsfólk skrifstofunnar er eigi að störfum í henni.

### 5. gr.

Ríkisfjehirðir hefir rjett til að nota þjónustufrimerki eftir sömu reglum og aðrir opinberir starfsmenn, er slíkan rjett hafa.

### 6. gr.

Kvittanir fyrir greiðslum í ríkissjóð eru bindandi fyrir ríkið, ef þær eru undirritaðar af ríkisfjehirði. Hið sama er um aðrar greiðslur, er hann veitir viðtöku í nafni ríkisins.

### 7. gr.

Ríkisfjehirðir skal gjöra fjármáladeild stjórnarráðsins aðvart í hvert skifti, sem hann hefir yfir 50000 kr. í sjóði í þeirri fjehirslu, sem daglegt starfsfje er geymt í, til þess að það fje, sem eigi telst þurfa til daglegra þarfa, geti orðið sett á vöxtu. Ef fje vantar til greiðslu gjalda ríkissjóðs, ber bonum einnig þegar í stað, að skýra fjármáladeildinni frá því.

15

22. jan.

8. gr.

Það fje, sem nauðsynlegt er til daglegra gjalda hefir ríkisfjehirðir umráð yfir og ábyrgist. Verðbrjef landssjóðs og það fje, sem ekki þarf á að halda við daglega afgreiðslu, skal, að svo miklu leyti sem það er ekki sett á vöxtu, geymt í sjerstakri fjehirslu, og skal læsingin vera þannig gjörð, að henni verði ekki lokið upp nema með tveim lykllum, sem ekki eru eins. Geymir fjármáladeildin annan lykiliinn, en ríkisfjehirðir hinn. Þegar fjehirsla þessi er opnuð, skal ríkisfjehirðir jafnan vera viðstaddur og þar til kvaddur maður úr fjármáladeildinni, og þegar eitthvað er tekið úr sjóði eða í hann látið, skal það ritað í bók, sem til þess er ætluð, og skal hún í hvert skifti undirrituð af báðum þeim, sem viðstaddir eru opnun fjehirslunnar.

### Fjármáladeild stjórnarráðsins, 22. jan. 1919.

**Sig. Eggerz.**

*Magnús Guðmundsson.*

16

6. febr.

## Samþykt

### um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 44, 11. júlí 1911, gjört eftirfarandi samþykt um heyforðabúr í Glæsibæjarhreppi.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er sá, að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast fyrir búpening sinn að vorlagi, með því, að hafa til útlána og sölu hey, sem ungmennafjelagið »Dagsbrúu« og sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi hefir umsjón með og lætur úti eftir þeim fyrirmælum, er þessi samþykt setur.

2. gr.

Forðabúrið myndast af heyi því, sem almennur sveitarfundur 23. mars 1918 samþykkti, að fá til notkunar fyrir hreppinn hjá ungmennafjelaginu »Dagsbrún« 100 hesta (eitt hundrað hesta 100 kg.) og svo heyi því, er sveitarstjórnin kann að tryggja sjer eða kaupa til viðbótar.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Glæsibæjarhreppi ásamt ungmennafjelaginu »Dagsbrún« sjer um forðabúrið, hefir á hendl rekstur þess, umsjón alla og reikningshald.